

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um lágflug og æfingar orrustuflugvéla Bandaríkjahers.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvaða reglur gilda um lágflug orrustuflugvéla Bandaríkjahers og aðrar æfingar yfir byggð eða á öðrum viðkvæmum stöðum?
2. Hvaða reglur gilda um flug vélanna yfir hljóðhraða og hvar og hvenær þeim er heimilt að rjúfa hljóðmúrinn?
3. Hyggst ráðherra endurskoða áður nefndar reglur um æfingaflug Bandaríkjahers í ljósi fram kominnar óánægju fari svo að vélarnar hverfi ekki úr landi á næstunni?